

Mál nr. 227/2021**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs hinn 25. mars 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 02.06.2021 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V1, dags. 16.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-4.
Bréf V2, dags. 16.06.2021 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Hinn 25. mars 2021 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn, við gatnamót Flugvallavegar og Bústaðavegar í Reykjavík. Ökumenn fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu og á framhlið hennar kemur fram að A hafi ekið aftan á B. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að hún hafi verið að koma að gatnamótum og bílar fyrir framan hafi skyndilega hægt á sér. Til að varna árekstri hafi hún, eftir að líta í hliðarspegil og baksýnispegill, ákveðið að fara yfir á vinstri akrein. A hafi greinilega gert það líka, en á meiri hraða, þannig að A hafi lent aftan á B. A lýsir atvikum svo að hann hafi verið á hægri akrein og tvær bifreiðar á undan honum. Fremri bílinn hafi skyndilega hægt á sér og gefið stefnumerki til hægri. Hafi A þá litið í hliðarspegil og séð bíl töluvert fyrir aftan sig og því náð að skipta um akrein til vinstri. Hafi B, sem var fyrir framan hann, þá beygt snögglega í veg fyrir A, líklega til að forða árekstri við fremri bifreiðina. Hafi A þá lent aftan á B. Ákomur á bifreiðarnar voru á hægri framhorni A og vinstra afturhorni B. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna og var öll sök lögð á B sem ekki hefði gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig fyrir akreinaskipti. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að A og B hafi skipt um akrein á sama tíma, enda hafi hún séð A í baksýnispegli B áður en hún skipti um akrein. Hefði A haldið eðlilegu bili milli bifreiða hefði enda ekki átt að koma til áreksturs, jafnvel þó A og B skiptu um akrein á sama tíma. Telur M því að þar sem um aftanákeyrslu hafi verið að ræða eigi A að bera alla sök á árekstrinum.

V1, sem var vátryggjandi A tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri. Þannig megi ráða af frásögnum aðila og gögnum málsins að A hafi þegar verið búinn að skipta um akrein þegar B beygði skyndilega yfir á sömu akrein án þess að gefa það til kynna með stefnumerki. Hafi B því ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig, sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga áður en hún skipti um akrein.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri. A og B hafi reynt að forða árekstri við bifreiðar fyrir framan þær með því að skipta um akrein. A hafi verið á meiri ferð og ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli sín og B, sbr. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit:

Samkvæmt framangreindum framburði A hafði hann þegar skipt um akrein til vinstri þegar B beygði einnig til vinstri með þeim afleiðingum að A ók aftan á B. Af framburði B má hins vegar ráða að A og B hafi skipt um akrein á sama tíma. Ber ökumönnum því ekki að fullu saman um tildrög árekstursins. Af framhlið tjónstilkynningar sem er undirrituð af báðum ökumönnum, svo og af fyrirbyggjandi ljósmyndum má sjá að ákomur eru á hægri framhorni A og vinstra afturhorni B. Samræmast þær þannig þeirri atvikalýsingu að A hafi þegar verið búinn að skipta um akrein þegar B beygði til vinstri fyrir framan hann. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt framansögðu, og með hliðsjón af ákomum á bifreiðarnar, telst B ekki hafa gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykja þá ekki efni til að A beri hluta sakar vegna árekstursins.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 17. ágúst 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.